

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs

15. júní 2023, kl. 16:15

Gjótuhrauni 4, Hafnarfirði

Mættir: Kristinn Jón Ólafsson, Sigurveig M. Ölundardóttir, Sindri Mar Jónsson, Þórunn Brynja Júlíusdóttir, Sverrir B. Magnússon og Jóna Sæmundsdóttir.

Einnig sátu fundinn: Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins, Þuríður Halldóra Aradóttir forstöðumaður Markaðsstofu Reykjaness, René Biasone UST og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Markaðsstofa Reykjaness

- Þuríður Halldóra Aradóttir forstöðumaður Markaðsstofu Reykjaness kynnti starfsemi Markaðsstofunnar.

2. Markaðsstofa Höfuðborgarsvæðisins

- Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins kynnti starfsemi Markaðsstofunnar.

2. Umræður

- Rætt um tengsl markaðsstofanna við fólkvanginn Samspil og samstarf á milli markaðstofa og umsjónaraðila friðlýstra svæða er mikilvæg, sérstaklega fyrir svæði sem eru með hátt útivistargildi og með vinsælum áfangastöðum.
- Rædd var hugmynd stjórnar Reykjanesfólkvangs, varðandi möguleika á að breyta friðlýsingaflokki fólkvangsins í þjóðgarð. Forstöðumaður Markaðsstofu Reykjaness og Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins voru spurð um áhrif þjóðgarðs á ferðaþjónustu svæðisins og voru þeir sammála um að áhrifin yrðu mjög jákvæð.
- Ákveðið að fá fulltrúa Reykjanes Geopark á næsta fund

Fundi slitið 17:45

Stefnt á að halda næsta fund í lok ágúst.